

Álftanesi, þann 14. nóvember 2016

Félag áhugamanna um sögu Bessastaðaskóla

Bæjarráð Garðabæjar

V/ styrks fyrir árið 2017

Félag áhugamanna um sögu Bessastaðaskóla sækir hér með um styrk til Garðabæjar fyrir árið 2017 að upphæð kr. 250 þús., annars vegar að standa straum af tveimur viðburðum á árinu 2017, og hins vegar að undirbúningi afmælisdagskrár í tilefni 10 ára afmælis félagsins (árið 2018).

Félagið ráðgerir að standa að eftirtöldum viðburðum á árinu 2017, nánar tiltekið, laugardagana 6. maí og 7. október n.k.:

1. Dr. Ólafur Dýrmundsson, doktor í búvisindum, erindi á Bjarnastöðum laugardaginn 6. maí n.k. kl. 14-15. Titill erindis: "Bújörðin Bessastaðir, búskapur þar og þróun landbúnaðar á Álftanesi" (erindi og fyrirspurnir 60 mín.)

Í framhaldi erindinsins vettvangsferð um Bessastaðanes kl. 15-15.40: "Æðarvarpið á Bessastaðanesi".

2. Þorsteinn Gunnarsson, arkitekt, erindi í Bessastaðakirkju laugardaginn 7. október n.k. kl. 14-14.45. Titill erindis: "Upprunalegar innréttingar í Bessastaðakirkju" (erindi og fyrirspurnir 45 mín.)

Í framhaldi erindisins vettvangsferð í geymslur Þjóðminjasafnsins, Hafnarfirði, að skoða upprunalegar innréttingar í Bessastaðakirkju (í umsjón starfsmanna Þjóðminjasafnsins, kl. 15-15.30)

3. Hátíðardagskrá í október 2018, helguð minningu Sveinbjörns Egilssonar Tilefni 10 ára afmæli Félags áhugamanna um sögu Bessastaðaskóla:

Staður: Bessastaðakirkja

Dags.: 1. laugardagur í október 2018, kl. 14-16

Gert ráð fyrir að tvö (30 mín.) erindi verði flutt. Guðmundur Andri Thorsson hefur samþykkt að halda erindi.

Frumflutt tónverk eftir Karólínu Eiríksdóttur, tónskáld. Gert ráð fyrir greiðslu fyrir tónverkið á

árunum 2017 og 2018.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Félags áhugamanna um sögu Bessastaðaskóla,

Ásdís Bragadóttir,

formaður

15636148026045	<Data ContentCla	onedb	Hildur Benediktsd
----------------	------------------	-------	-------------------